

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skagafirði.

1. gr.

Árlegt gjald fyrir heimilisúrgang:

Rekstur söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður	24.000 kr. á íbúð
Rekstur söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður, sumarhús	24.000 kr. á hús
Blandaður úrgangur, 240 l ílát	34.830 kr.
Blandaður úrgangur, 660 l ílát	95.784 kr.
Blandaður úrgangur, 1.100 l ílát	159.639 kr.
Lífúrgangur, 30/140 l ílát	18.500 kr.
Lífúrgangur, 240 l ílát	26.270 kr.
Pappi og pappír, 240 l ílát	9.350 kr.
Pappi og pappír, 660 l ílát	27.713 kr.
Pappi og pappír, 1.100 l ílát	42.855 kr.
Plast, 240 l ílát	9.350 kr.
Plast, 660 l ílát	25.713 kr.
Plast, 1.100 l ílát	42.855 kr.

Sorpgjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva.

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjald fyrir eyðingu á dýrahæjum er innheimt af búfjáreigendum, sem eru með skráðan bústofn samkvæmt búfjárskýrslum Búnaðarstofu. Dýrahæin verða sótt til búfjáreigenda vikulega frá apríl til október og á tveggja vikna fresti frá nóvember til mars og komið í viðeigandi meðhöndlun.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Skagafirði verður sem hér segir á árinu 2026:

Sauðfé	170 kr. á grip
Mjólkurkúr	1.130 kr. á grip
Geldneyti og nautkálfar	580 kr. á grip
Hross	530 kr. á grip
Grísir	530 kr. á grip
Hænsn	10 kr. á grip

Gjald fyrir söfnun og eyðingu á dýrahæjum miðast við meðaltalsafföll í hefðbundnum búrekstri. Ekki er ætlast til að býli með umfangsmikla sláturstarfsemi nýti þjónustuna fyrir sláturúrgang. Þeim aðilum ber að semja beint við þjónustuaðila um förgun á sláturúrgangi.

Fjöldi gjalddaga verða sjö. Fyrsti gjalddagi verður 1. júní ár hvert. Gjöld sem ekki ná 1.000 kr. falla niður. Ef gjaldið nær ekki 15.000 kr. á gjaldanda, verður öll upphæðin innheimt á fyrsta gjalddaga.

3. gr.

Móttökugjöld fyrir flokkaðan úrgang:

Rekstraraðilar:

Greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt/rúmmáli.

Heimilissorp:

Allir sem greiða sorpgjald eða sorpeyðingargjald fá árlega rafrænt klippikort sem inniheldur losun á 4 m³ af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. Til að komast inn á móttökustöðvar þurfa notendur að sýna klippikort. Einungis er klippt fyrir gjaldskyldan úrgang og tekið er á móti ógjaldskyldum úrgangi án klipps. Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans. Kortið veitir aðgang að svæðinu og því er nauðsynlegt er að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á gámasvæðið hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða. Hvert klipp er upp á 0,25 m³ sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu. Ef kortið dugir ekki út árið er hægt að kaupa aukakort sem inniheldur losun á 1 m³ af gjaldskyldum úrgangi eða sem nemur fjórum klippum. Nýtt aukakort kostar 4.000 kr. og er ótímabundið.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatts.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 10. gr. í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagafirði nr. 301/2023. Gjaldskráin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar 19. nóvember 2025 og öðlast gildi 1. janúar 2026 og fellur þá gjaldskrá sama efnis nr. 1506/2024 úr gildi.

Skagafirði, 9. desember 2025.

Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025